



Borgarráð

Tillaga um tímabundnar ráðningareglur

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi tillögu að uppfærðum tímabundnum reglum um ráðningar hjá Reykjavíkurborg og þær taki gildi frá og með 1. janúar 2024 og að gildistími þeirra verði út árið 2024. Tilgangur ráðningareglanna er að auka enn frekar yfirsýn með ráðningum og aðhald með ráðningum í störf og draga úr launakostnaði. Jafnframt er lagt fram erindisbréf fyrir starfshóp um ráðningarýni.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi 7. september sl. tillögu borgarstjóra um skipun þriggja manna starfshóps til að rýna ráðningar á vegum sviða, skrifstofa og starfsstaða og hafa eftirfylgd með breyttum ráðningareglum. Meðfylgjandi er tillaga að breyttum tímabundnum reglum vegna ráðninga, sem hafa það að markmiði að auka enn frekar yfirsýn með ráðningum og aðhald með ráðningum í störf, í því skyni að draga úr launakostnaði og fjölgun stöðugilda umfram samþykktar forsendur fjárhagsáætlunar og undirliggjandi reikni- og mönnunarlíkana.

Sviðsstjóri og stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á því að rekstur starfsstaða sé innan fjárheimilda í samræmi við samþykkt borgarstjórnar. Í því felst ábyrgð á aðhaldi og ráðdeild þegar kemur að mönnun starfsstaða og að heildarfjöldi stöðugilda á starfsstað eða sviði rúmist hverju sinni innan fjárheimilda þess. Stjórnendur bera ábyrgð á að rýna svigrúm til ráðninga og gæta þess að fjöldi stöðugilda og launakostnaður taki mið að forendum fjárhagsáætlunar og rúmist innan samþykktra fjárheimilda.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tímabundnar reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg
Erindisbréf starfshóps um ráðningarýni, drög



Tímabundnar reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg

1. Við undirbúning ráðninga skal stjórnandi starfsstaðar skoða og taka rökstudda afstöðu til þess hvort mögulegt sé að fresta ráðningunni tímabundið eða hætta við ráðninguna. Stjórnendur skulu m.a. horfa til þess hvort annað starfsfólk á starfsstað getur sinnt þeim verkefnum sem um ræðir, hvort hægt sé að fresta upphafsdegi ráðningarinnar eða hvort um þjónustu er að ræða sem að mati stjórnanda sé ekki unnt að skerða. Einnig skal stjórnandi leggja mat á áhrif þess ef ráðningu er frestað eða ekki er ráðið í starf, t.a.m. hvort draga þurfi úr þjónustu, fresta verkefni/verkefnum eða hætta með verkefni/þjónustu.
2. Ef niðurstaða stjórnanda er að nauðsynlegt sé að ráða í starf þá skulu stjórnendur starfsstaða senda inn beiðni um heimild til ráðningar til sviðsstjóra. Í beiðni skal tilgreina rök fyrir þeirri niðurstöðu.
3. Ef það er mat hlutaðeigandi stjórnanda og sviðsstjóra viðkomandi sviðs að nauðsynlegt og óhjákvæmilegt sé að endurráða í starf sem losnar og greining á stöðu fjárheimilda sýna að fjöldi stg. starfsstaðar er innan fjárheimilda þá heimilar sviðsstjóri ráðningu. Svið sendir þá tilkynningu með upplýsingum á útgefnu formi til starfshóps um ráðningarrýni um heimilaða ráðningabeidni og rökstuðning fyrir henni sem sýnir að ráðning sé þörf og stg. rúmast innan fjárheimilda.
4. Ráðningar í grunnskóla, leikskóla og frístund skulu taka mið af mannaflapörf í samræmi við samþykkt úthlutunar- og reiknilíkön vegna málaflokksins. Sama á við um þjónustuúrræði á sviði velferðarmála þar sem unnið er með skilgreind mönnunarlíkön. Tilkynningar sviða til starfshóps um ráðningarrýni skulu fylgja samanteknar upplýsingar um stöðu mönnunar með hliðsjón af reiknilíkani.
5. Fjármálastjóra sviða er falið í samráði við mannauðsstjóra að gera mánaðarlegan samanburð á fjölda greiddra stöðugilda í samræmi við áætlaða mannaflapörf (stöðugildi) og samþykktar fjárheimildir starfsstaðar og skila til starfshóps um ráðningarrýni. Komi fram frávik umfram heimildir þarf að skila inn frávikagreiningu til starfshóps um ráðningarrýni. Jafnframt ber stjórnanda að fækka starfmönnum.
6. Ef greining á stöðu stg. er ekki innan fjárheimilda og mat sviðsstjóra er að brýn þörf sé samt sem áður á að manna umrætt starf þarf að taka mið af reglum um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar.
7. Svið halda utanum stöðugildi eftir starfsstöðum og þróun þeirra, starfsmannaveltu, nýráðningar og annað sem máli skiptir.
8. Starfshópur um ráðningarrýni leggur mánaðarlega fram á fundi yfirstjórnar Reykjavíkurborgar upplýsingar um fjölda stöðugilda í samanburði við áætluð stöðugildi, fjölda ráðningaheimilda sem eru staðfestar á sviðum, fjölda ráðningaheimilda hafnað, fjölda ráðninga frestað og fjölda ráðninga sem hætt hefur verið við á sviðum.
9. Í öllum tilvikum skal þess gætt að framkvæmd á grundvelli reglna þessara rúmist innan heimilda laga og kjarasamninga sem Reykjavíkurborg er bundin af.

Reglur þessar eru staðfestar af borgarráði og taka gildi frá og með 1. janúar 2024 og gilda til og með 31. desember 2024.



Reykjavíkurborg

Sem eftirfylgd við reglurnar verður gefið út stafrænt mælaborð sem sýnir upplýsingar um fjölda starfsmanna, starfsmannaveltu, áætlaðan fjölda stg. og greidd stg. mánaðarlega eftir kostnaðarstöðum. Auk þess verði sett upp rafræn eyðublöð fyrir skráningar og samskipti milli starfsstaða, sviða og starfshóps um ráðningarýni til að tryggja skilvirka afgreiðslu mála og nauðsynlega upplýsingagjöf.



ERINDISBRÉF Starfshópur um ráðningarrýni

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarráðs þann 7. september 2023 var samþykkt tillaga borgarstjóra um að skipa þriggja manna starfshóp til að rýna ráðningar á vegum sviða, skrifstofa og starfsstaða Reykjavíkurborgar. Markmiðið með skipan starfshópsins er að auka enn frekar yfirsýn Reykjavíkurborgar með ráðningum og aðhald með ráðningum í störf þar sem við á, í því skyni að draga úr launakostnaði.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins að rýna ráðningar á vegum sviða, skrifstofa og starfsstaða Reykjavíkurborgar í laus stöðugildi á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024 í samræmi við tímabundnar reglur um ráðningar hjá Reykjavíkurborg. Horft verði m.a. til reiknilíkana í grunnskólum, leikskólum og frístund. Starfshópurinn fundi að jafnaði einu sinni í mánuði.

Helstu verkefni:

- Kortlagning og greining á stöðu sem auki yfirsýn í samráði við fjármálastjóra, mannauðsstjóra og sviðsstjóra fag- og kjarnasviða og skrifstofustjóra í miðlægrri stjórnsýslu.
- Mótar skýrt og einfalt verklag sem tekur mið af tímabundnum ráðningareglum Reykjavíkurborgar.
- Gerð leiðbeininga vegna tímabundins fyrirkomulags ráðninga sem stuðli að gagnsærri og skilvirkri framkvæmd.
- Leggur mánaðarlega fram á fundi yfirstjórnar Reykjavíkurborgar upplýsingar um fjölda stöðugilda í samanburði við áætluð stöðugildi, fjölda ráðningaheimilda sem eru staðfestar á sviðum, fjölda ráðningaheimilda hafnað, fjölda ráðninga frestað og fjölda ráðninga sem hætt hefur verið við á sviðum.
- Eftirfylgni með smíði á mælaborði fyrir yfirlit starfa hjá Reykjavíkurborg sem er í undirbúningi á þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Starfshópurinn skipa:

Lóa Birna Birgisdóttir, sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs, formaður
Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari
Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringasviðs

Starfsmaður:

Jóhanna Krístrún Birgisdóttir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu ef þörf er á.



Reykjavíkurborg

Starfstímabil:

Starfshópurinn starfi á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024 og skili greinargerð um vinnu hópsins til ábyrgðarmanns fyrir 31. janúar 2025.

Reykjavík, [dags.]

Dagur B. Eggertsson